

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Mannauður – Málsmeðferðartími – Innra eftirlit – Innri endurskoðun

Um forkönnunina

Ríkisendurskoðun ákvað að eigin frumkvæði að hefja forkönnun á starfsemi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (LRH) til að komast að því hvort úttekt væri réttmæt, tímabær og framkvæmanleg. Áhersla var lögð á mannauðsmál, málsmeðferðartíma, innra eftirlit og innri endurskoðun.

Ríkisendurskoðun sendi Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu tilkynningu um forkönnun 23. september 2024 og fundaði með framkvæmdastjórn embættisins í október. Ýmissa gagna og upplýsinga var aflað í framhaldinu. Á grundvelli þessa lagði úttektarteymi mat á stöðu og árangur í sambandi við atriði sem spurt hafði verið um.

Niðurstöður

Fjöldi lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki haldist í hendur við fjölgun íbúa, ferðamanna eða verkefna undanfarin ár. Á höfuðborgarsvæðinu er fjöldi lögreglumanna um 1,2 á hverja þúsund íbúa samanborið við 2–3 í höfuðborgum samanburðaríkja Íslands. Frá sameiningu lögregluembætta á höfuðborgarsvæðinu hefur lögreglumönnum umdæmisins fækkað um 12,4% meðan lögreglumönnum á landinu öllu hefur fjölgað um 11,3%. Þetta er varhugaverð þróun í ljósi þess að á sama tíma hefur verkefnum á höfuðborgarsvæðinu fjölgað, m.a. samhliða fjölgun íbúa, ferðamanna og hælisleitenda, auk þess sem mótmælafundir og umfangsmiklir alþjóðlegir fundir á síðustu árum hafa leitt til aukins álags á embættið. Vert er þó að benda á að gripið hefur verið til aðgerða til að fjölga lögreglumönnum og þá er útlit fyrir að betur muni ganga að fjölga lögreglumönnum á næstu misserum og árum.

Í skýrslu Ríkislögreglustjóra, sem gefin var út í byrjun árs 2024, kom fram að allt að 12% karla og 19% kvenna hefur orðið fyrir einelti, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni í starfi hjá lögreglu (á landsvísu) þótt meirihlutinn tilkynni ekki slíka hegðun. Þá leiddi könnun sem gerð var fyrir Landssamband lögreglumanna árið 2022 í ljós að 25% lögreglumanna voru með kulnunareinkenni og 4,8% voru útbrunnir og þurftu tafarlausa aðstoð. Í meistararitgerð sem kom út árið 2023 og fjallar um brotthvarf menntaðra lögreglumanna úr starfi var meðal niðurstaðna að stjórnunartengdir þættir vegi þyngst, t.d. samskiptaörðugleikar og ófaglegar ráðningar. Niðurstöður þessara þriggja rannsókna gefa vísbendingar um að betur megi hlúa að starfandi lögreglumönnum og starfsumhverfi þeirra.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur unnið að úrbótum varðandi mannauðsmál og stendur sú vinna enn yfir. Embættið hefur stuðst við niðurstöður úr könnun á Stofnun ársins og rannsókn á vinnumenningu lögreglu sem unnin var á vegum ríkislögreglustjóra. LRH hefði líklega ávinning af því að gera ítarlegri könnun meðal starfsmanna um starfsánægju. Uppfærslur á EKKO stefnu og viðbragðsáætlun lofa góðu og vísbendingar eru um að slíkt mál séu tekin fastari tókum en áður. Einnig eru áætlanir um fræðslumál í góðum farvegi. Óútskýrður launamunur innan embættisins er 1,6% en markmiðið er að hann sé enginn og aldrei meiri en 5%.

Skort hefur á yfirsýn um málsmeðferðartíma. LRH fer eftir fyrirmælum ríkissaksóknara um málsmeðferðartíma en í þeim eru engin sérstök tímaviðmið þótt tekið sé fram hvaða brot skulu vera í forgangi. Unnið er að mótun mælaborða en erfitt hefur reynst að finna rétt viðmið til að vinna með og leggja mat á hve lengi mál eru til meðferðar hjá embættinu. Vísbendingar eru um að málsmeðferðartími í heild sé að styttest og að árlega sé fleiri máls-

einingum lokið en stofnað er til. Skráning í LÖKE kerfið varðandi mál sem lýkur vegna fyrningar meðan það er til meðferðar hjá embættinu er takmörkuð. Því er ekki til staðar yfirsýn um hve mörg mál fyrnast áður en lögreglan nær að ljúka þeim.

Unnið er að áframhaldandi uppbyggingu rafrænna mæla- borða og nýtingu gagna við stjórnun og eftirlit. Við þá vinnu er mikilvægt að framkvæma viðeigandi prófanir og tryggja réttleika upplýsinga. Tækifæri eru til úrbóta við rafræna skráningu gagna og aukna sjálfvirkni með meiri notkun þjarka og gervigreindar.

Innri endurskoðun, í samræmi við kröfur 65. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál, er ekki til staðar. Slik eining var áður starfandi hjá embættinu en með breyttu skipuriti 2023 var hún lögð niður. Við tók einingin Innra eftirlit sem hefur unnið að eflingu slíks eftirlits. Ríkisendurskoðun hvetur til þess að hafist verði handa við innleiðingu á innri endurskoðun, í samræmi við alþjóðlega staðla og siða- reglur um innri endurskoðun, og þar með verði reglulega

lagt mat á virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttastofnunarinnar.

Í ársskýrslu nefndar um eftirlit með lögreglu vegna ársins 2022 kom fram að skv. reglum um nefndina skuli ljúka málum innan mánaðar frá móttöku erindis. Meðal- málsmeðferðartími var aftur á móti 229 dagar árið 2022. Benti nefndin á álitamál varðandi notkun búkmyndavéla þar sem upp hafa komið tilfelli þar sem slökkt er á þeim. Löggjafinn þarf að taka þetta til skoðunar að mati nefndarinnar. Eins benti nefndin á að skoða þyrfti nánar verkefni og störf nefndar um eftirlit með lögreglu, með hliðsjón af því hvort styrkja þurfi nefndina, svo að hún nái að halda uppi eðlilegum afköstum. Þá þyrfti að skoða hvort ástæða sé til að auka kröfur varðandi notkun búkmyndavéla og tryggja fylgni við þær kröfur, enda eru þær mikilvægt sönnunargagn við meðferð mála hjá eftirlitsnefndinni.

Ríkisendurskoðun telur ekki tilefni til að gera stjórnýsluúttekt á starfsemi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eins og sakir standa. Embættið mun á næstu árum áfram fylgjast með ákveðnum þáttum í starfsemi LRH og hefja úttekt ef ástæða þykir til.

Ríkisendurskoðun leggur þó til að Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu líti til eftirfarandi atriða og geri viðeigandi úrbætur:

- » Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu þarf að huga sérstaklega að starfsaðstæðum og starfsánægju lögreglumanna. Mikilvægt er að stemma stigu við brotthvarfi úr stéttinni á sama tíma og ráðist er í nýráðningar.
- » Rík ástæða er til að Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu haldi áfram að þróa aðferðir til að mæla og fylgjast með málsmeðferðarhraða hjá embættinu. Mikilvægt er að lögreglan hafi yfirsýn um málsmeðferðarhraða, geti skoðað árangur með mælanlegum hætti og greint á hvaða sviðum þurfi að gera úrbætur. Þá er ástæða til að embættið skoði leiðir til að fylgjast með tölfræði um mál sem fyrnast meðan á málsmeðferð stendur.
- » Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er hvött til að koma á innri endurskoðun í samræmi við 65. gr. laga um opinber fjármál og byggja upp viðeigandi þekkingu innan embættisins.